

Foreldrafélag Ingunnarskóla

Við í stjórn foreldrafélagsins í Ingunnarskóla viljum kynna okkur og starfsemi félagsins. Foreldrafélagið hefur legið í dvala undanfarin ár en síðasta haust tók við ný stjórn sem vill fá öflugt fólk með sér í stjórnina!

Árgjald

Á næstunni verður 4000 kr. árgjald á hvert barn innheimt. Árgjaldið tryggir rekstur félagsins og hluti af gjaldinu fer beint til bekkjarfulltrúa sem sjá um að skipuleggja skemmtilega viðburði innan hvers bekkjar.

Bekkjarfulltrúar

Við leitum nú að bekkjarfulltrúum í hvern bekk. Það er skemmtilegt og gefandi hlutverk þar sem þið fáið að skipuleggja hittinga og aðra viðburði sem styrkja bekkjarandann. Ef enginn býður sig fram mun umsjónarkennari velja bekkjarfulltrúa.

Sendið okkur nöfn bekkjarfulltrúa á netfangið okkar!

Af hverju foreldrafélag?

- Styrkir félagslíf og samstöðu í skólanum
- Styður við bekkjarviðburði og sameiginlegar upptækur
- Skapar jákvætt samstarf milli heimilis og skóla



Ólafía Sævarsdóttir
Formaður



Lilja S. Kro
Gjaldkeri



Íris Hulda Ragnarsd.
Ritari



Steingrímur
Gunnarsson
Meðstjórnandi

**Aðalfundur
foreldrafélagsins
verður í byrjun
október. Nánar
auglýstur síðar!**

Ekki hika við að hafa samband!

Foreldrafélag Ingunnarskóla

foreldrafelagingunnarskola@gmail.com